

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Félags íslenskra hljómlistarmanna**

84. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna var haldinn þriðjudaginn 25. mars 2025. Fundurinn var fjarfundur.

Mætt voru f.h. FÍH, Eydís Franzdóttir, Gunnar Hrafnson og Margrét Þorsteinsdóttir, af hálfu SNS, Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

Breytingar á kjarasamningi Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í samræmi við innanhússtillögu ríkissáttasemjara í kjaradeilu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands, sem undirrituð var 25. febrúar 2025, eru Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) ásátt um að feta í sameiningu þá virðismatsvegferð sem innanhússtillagan felur í sér enda sinna félagsmenn FÍH sömu störfum í tónlistarskólum og félagsmenn í Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT).

Virðismatsvegferðin skiptist í tvo meginþætti og er lýst einsog að neðan greinir í kjarasamningi KÍ sem hér er vísað til og sem samstarfsnefnd er sammála um að verði bindandi fyrir kjarasamning FÍH:

„Virðimatsvegferð og verkáætlun skv. Innanhússtillögu ríkissáttasemjara dags 25. febrúar 2025.

Annars vegar er um að ræða gerð virðismatskerfis sem ætlað er að skapa forsendur fyrir hlutlægu og málefnalegu mati á virði starfa kennara og sátt um val á viðmiðunarstéttum sem er skilyrði þess að unnt sé að ná því sameiginlega markmiði samningsaðila að jafna laun, vinnufyrirkomulag og kjör kennara við aðra sérfræðinga sem starfa á opinberum og almennum vinnumarkaði.

Hins vegar er verkáætlun sem hefur það markmið að greina og breyta launamyndunarkerfinu sem gilt hefur um störf kennara, auka vægi grunnlauna sem hlutfall af heildarlaunum þeirra og gera vinnutíma og vinnuumhverfi kennara sem best sambærilegt við það sem gildir um viðmiðunarstéttir, innan þeirra marka sem við á. Hluti verkáætlunar er innleiðing betri vinnutíma kennara en samið var um betri vinnutíma flestra annarra stétta opinberra starfsmanna á vordögum 2019 og tímabundin ákvæði þeirra samninga færð í miðlægan kjarasamning vorið 2024.

Samningsaðilar eru sammála um að til að ná markmiðum samningsins þurfi að gera grundvallarbreytingar á vinnutíma og launamyndunarkerfi kennara. Markmið breytinganna er að styrkja stöðu skólakerfisins og gera það betur í stakk búið til að takast á við þær áskoranir sem það stendur frammi fyrir og tryggja um leið þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er til að unnt sé að skipuleggja störf í skólum þannig að hæfi þörfum starfseminnar og stuðli að betri árangri og bættri líðan nemenda. Um leið á að bæta starfsaðstöðu kennara og auka möguleika þeirra á að samþætta vinnu og einkalíf. Breytingunum er einnig ætlað að auka stöðugleika í mönnun í menntakerfinu, að draga úr yfirvinnu, að bæta þjónustu við almenning og gera störf kennara eftirsóknarverð.

Þá er það markmið samningsaðila að launagreiðslur til kennara endurspegli vinnufyrirkomulag þeirra og vinnuframlag og þær breytingar sem gerðar verða undir verkáætlun samkvæmt samningi þessum eiga ekki að leiða til þess að laun kennara lækki við breytingarnar miðað við sama vinnumagn og áður. Í því felst að kjarasamningsbundin kjör einstaks kennara lækki ekki en greiðslur fyrir vinnu umfram vinnuskyldu geti lækkað ef dregur úr vinnumagni.

Stöðugleika- og velferðarsamningarnir ásamt aðgerðum stjórnvalda styðja við sameiginleg markmið um vaxandi velsæld og aukinn kaupmátt. Meginmarkmið þeirra er að stuðla að fyrrsjáanleika í efnahagslífinu. Aðilar eru sammála um að vinna áfram að þessum markmiðum og leggja sitt af mörkum til að halda þeirri kjarastefnu sem mótuð hefur verið og tryggja þannig að kjör kennara og starfsumhverfi fylgi almennri þróun á samningstímanum.

Með vísan til alls ofangreinds eru sameiginleg markmið samningsaðilanna eftirtalin;

- Að bæta starfsumhverfi og auka virðingu fyrir störfum kennara.
- Að styrkja stöðu kennara sem faglega sjálfstæðra sérfræðinga.
- Að tryggja kennurum sanngjörn og málefnalega ákvörðuð laun sem eru í samræmi við laun og kjör viðmiðunarhópa.
- Að hækka grunnlaun kennara.
- Að breyta launamyndunarkerfi kennara og endurskapa viðmið um vinnutíma og vinnufyrirkomulag með það að markmiði að auka sveigjanleika til að skólar geti gert þær breytingar sem þarf til að styðja við framtíðarsýn í menntamálum.
- Að gera störf kennara eftirsóknarverðari.
- Að auka skilvirkni skólakerfisins þannig að það þjóni betur markmiðum sínum.
- Að auka fagmennsku, stöðugleika og festu í mönnun skólakerfisins með það að markmiði að stuðla að hagkvæmni í nýtingu fjármuna.

Aðilar eru sammála um að fara í virðismatsvegferð þar sem unnið er að gerð virðismatskerfis og verkáætlun samtímis undir verkstjórn embættis ríkissáttasemjara.

a. Jöfnun launa og virðismatsvegferð

Til að koma til móts við það mögulega vanmat á störfum tiltekinna hópa félagsfólks KÍ sem aðilar hafa vísbendingar um á grundvelli bráðabirgðamats sem þegar hefur verið unnið í starfsmatskerfi koma til hækkunar eins og lýst er í 2. gr. samnings þessa. Þessi innáborgun er óháð þeim niðurstöðum sem kunna að verða af nefndri virðismatsvegferð og er því óendurkræf.

Skipaður verður stýrihópur með þremur eða fjórum fulltrúum launagreiðenda og jafnmörgum fulltrúum frá KÍ. Embætti ríkissáttasemjara mun sjá um fundarstjórn. Stýrihópnum er ætlað að halda utan um virðismatsvegferðina í heild sinni. Hann fylgist með framvindu við gerð virðismatskerfis, tryggir að markmið náist og forsendur standist og tryggir upplýsingagjöf til allra þeirra sem upplýstir þurfa að vera um stöðuna á hverjum tíma. Stýrihópurinn setur sér starfs- og vinnureglur og hittist reglulega eins og nauðsyn krefur.

b. Gerð virðismatskerfis

Í þeim tilgangi að stuðla að ofangreindum markmiðum og um leið faglegri, gagnsæri og málefnalegri launasetningu í samræmi við jafnlaunaákvæði laga munu aðilar á gildistíma kjarasamningsins þróa í sameiningu virðismatskerfi til grundvallar launasetningu félagsfólks KÍ. Þróun kerfisins verður byggð á leiðbeiningum Alþjóðavinnuáráðs um þróun og notkun virðismatskerfa í þágu launajafnréttis. Verkefnið verður unnið af Jafnlaunastofu og fjármagnað af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Gerðar skulu ítarlegar starfagreiningar þar sem dregnir eru fram þættir sem einkenna störf félagsfólks KÍ og ekki hafa verið metnir út frá þeim launasetningaraðferðum sem hingað til hefur verið beitt. Þá verður litið til virðismatskerfa sem fanga sértæka þætti í störfum kennara að einhverju leyti auk þess sem virðismatskerfi sem notuð eru í jafnlaunamálum t.d. í Nýja-Sjálandi verða höfð til hliðsjónar.

Skipuð verður fagnefnd með jafnmörgum fulltrúum launagreiðenda og stéttarfélag. Nefndinni er ætlað að halda utan um verkefnið, allt frá því að afla þekkingar og ráðgjafar á viðfangsefninu, skilgreina verkefnið, sjá til þess að hagaðilar fái viðeigandi fræðslu og þjálfun, standa að ítarlegum starfagreiningum, velja matsþætti, vinna þátta- og þrepaskilgreiningar, vinna spurningalista, þróa og prófa kerfið, skilgreina verklag við notkun þess og tryggja að kerfið fái reglubundna endurskoðun. Þá ber nefndin ábyrgð á að fá til verksins sérfræðinga með þekkingu á þróun og notkun virðismatskerfa í þágu launajafnréttis.

Í ferlinu verða unnar ítarlegar starfagreiningar á störfum félagsfólks KÍ, valin verða viðmiðunarstörf og þau metin út frá kerfisdrögunum. Í þeim tilgangi að tryggja að kerfið þjóni markmiðum um leiðréttingu á mögulegu vanmati starfa og að störf séu rétt metin verða valin samanburðarstörf úr öðrum starfsstéttum, þau metin og borin saman við störf félagsfólks KÍ. Verkefnið er samstarfsverkefni þar sem aðilar hafa jafnt vægi og ákvarðanir eru teknar einróma. Verkefnið skal hefjast í mars 2025 og vera lokið fyrir árslok 2027.

c. Verkáætlun um önnur kjör og vinnuumhverfi kennara

Fram til 1. október 2026 munu aðilar vinna saman að verkáætlun undir verkstjórn embættis ríkissáttasemjara. Liður í þessari verkáætlun er heildarskoðun á kjara-, vinnutíma- og launumhverfi félagsfólks KÍ. Þá verður gert sérstakt áfangamat annarsvegar og verðmat hins vegar á kjörum og vinnutíma félagsfólks KÍ og þau borin saman við viðmiðunarhópa. Við gerð áfangamats verður farið ofan í kjölinn á öllum kjörum og vinnutímaþáttum kennara og þeir bornir saman við kjör og vinnutímaþætti viðmiðunarhópa. Einnig munu aðilar meta þá þætti sem ólíkir eru til að geta áttað sig á virði þeirra. Í verkáætluninni felst einnig að aðilarnir munu leita leiða til að breyta vinnufyrirkomulagi kennara og samræma kjarasamninga þeirra samningum annarra háskólamenntaðra sérfræðinga svo sem með betri vinnutíma og auknum sveigjanleika í vinnuframlagi og rekstrarlegum þáttum eins og frekast er unnt. Þá munu aðilar skoða möguleika á launahækkunum gegn breyttu vinnuframlagi, svo sem með frekari launalegum framgangi kennara þar sem kennarar gætu meðal annars fengið val um að taka að sér meiri kennslu gegn launaauka. Þá munu aðilar taka til skoðunar hvaða breytingar er hægt að gera á kjarasamningum þeirra sem gætu stuðlað að betri samþættingu starfsþróunar og endurmenntunar við dagleg störf og þarfir starfseminnar. Þá eru aðilar sammála um að í þágu gagnsæis í launasetningu og starfsumhverfi þurfi að samræma launatöflur að launasetningu. Þá munu aðilar taka til sérstakrar skoðunar á hvern hátt stofnanasamningar hafi hlutverki að gegna komi til þess að aðilar taki upp virðismat við launasetningu.

Vinna við verkáætlun er unnin samhliða gerð virðismatskerfis í þeim tilgangi að tryggja að þær breytingar sem þarf að gera á kjara-, launa- og vinnutímaumhverfinu geti gengið fram á sama tíma og virðismatið tekur gildi.

d. Forsenduákvæði og bráðabirgðamat

Þann 1. október 2026 verða forsendur virðismatsvegferðarinnar endurskoðaðar. Þá mun liggja fyrir bráðabirgðamat með tilliti til virðismatskerfis og að teknu tilliti til grunnlaunasetningar. Með grunnlaunasetningu er átt við röðun starfa í launatöflu og að viðbættu persónubundnu álagi. Á þeim tíma skal liggja fyrir áfangamat sem felur í sér greiningu á inntaki kjara- og launamyndandi þátta og vinnutíma kennara og tækifærum til launamyndunar umfram grunnlaunasetningu. Þá skal einnig liggja fyrir verðmat á framangreindum þáttum sem einstaka hópar kennara kunna að hafa.

Aðilar munu á grundvelli fyrirbyggjandi forsendna semja um það sín á milli á hvern hátt gerðar verði breytingar á tilteknum þáttum í launamyndunarkerfi kennara eða á vinnutíma samhliða því að launum kennara verði breytt á grundvelli fyrirbyggjandi áfangamats.

Við endurskoðun á forsendum virðismatsvegferðar mun KÍ hafa eitt atkvæði og launagreiðendur (SNS og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs) eitt atkvæði enda er það sammæli samningsaðila að nauðsynlegt sé að virðismatskerfi verði tekið upp fyrir hópinn í heild sinni. Niðurstaða endurskoðunar getur orðið með eftirfarandi hætti:

- Samningsaðilar samþykkja að virðismat verði tekið upp. Samhliða því verða þegar umsamdar breytingar á kjarasamningum aðila varðandi laun, vinnutíma og launamyndandi þætti settar í framkvæmd. Virðismatsvegferð heldur áfram og lokið verður við gerð virðimats og verkáætlun kláruð.

- Ef fyrir liggur að framangreind tímasetning á endurskoðun á forsendum hinnar tvíþættu vegferðar og/eða staða verkefnisins er sú að ekki næst að sýna fram á raunhæft bráðabirgðamat geta samningsaðilar ákveðið með samkomulagi að fresta endurskoðun um þrjá til sex mánuði.
- Verði niðurstaðan að ekki náist samkomulag um innleiðingu virðismats skv. framansögðu getur hvor aðili fyrir sig tilkynnt með skriflegum hætti, fyrir 1. nóvember 2026 að hann hyggist beita forsenduákvæði og munu samningsaðilar þá skipa forsendunefnd sem starfar undir verkstjórn ríkissáttasemjara með tveimur eða þremur frá hvorum aðila. Ef annar hvor aðilinn er ósáttur við tiltekinn þátt og/eða afmarkaða þætti virðismatsvegferðarinnar getur nefndin sammælt um að fá hlutlausan aðila til að leggja mat á þann þátt/þá þætti. Verkefni forsendunefndar er að ræða þá þætti sem aðilar eru ósammála um og reyna til hlítar að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Forsendunefndin starfar til 31. desember 2026. Kjósi aðilar að segja upp samningi eftir að hafa kynnt sér niðurstöður forsendunefndar, skulu aðilar tilkynna um það með skriflegum hætti og verða þá samningar lausir frá 1. mars 2027.“

Á meðan virðismatsvegferð samkvæmt framangreindu stendur og ef ekki næst samkomulag um frekari aðkomu FÍH að þeirri vegferð munu SNS og FÍH tryggja samráð og aðkomu FÍH að vegferðinni með reglubundnu samráði í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna. Þá skuldbinda aðilarnir sig, ef ekki verður samkomulag um annað, til að verða bundnir af niðurstöðu vegferðarinnar á sama hátt og félagsmenn í Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT).

2. Breyting á launum félagsmanna FÍH

Samstarfsnefndin er sammála um að laun félagsmanna í Félagi íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) breytist í samræmi við innanhússtillögu ríkissáttasemjara þar sem samið var um launahækkningar sem ná til félagsmanna í Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) sem sinna sömu störfum í tónlistarskólum og félagsmenn í FÍH. Launatöflurnar ná til samningstíma frá og með 1. febrúar 2025 og til og með 31. mars 2028.

Samstarfsnefnd er sammála um að laun tónlistarskólakennara sem aðild eiga að FÍH hækki skv. eftirfarandi launatöflum á samningstímanum:

Þann 1. febrúar 2025 hækka laun vegna kennara um 8% samkvæmt launatöflu A2 með gildistíma til 31. mars 2025.

Þann 1. apríl 2025 hækka laun vegna kennara um 3,5 % samkvæmt launatöflu A3 með gildistíma til 31. mars 2026.

Þann 1. apríl 2026 hækka laun vegna kennara um 3,5 % samkvæmt launatöflu A4 með gildistíma til 31. mars 2027.

Þann 1. apríl 2027 hækka laun vegna kennara um 3,5 % samkvæmt launatöflu A5 með gildistíma til 31. mars 2028.

Samstarfsnefnd er sammála um að laun skólastjórna sem aðild eiga að FÍH hækki skv. eftirfarandi launatöflum á samningstímanum:

Pann 1. febrúar 2025 hækka laun vegna skólastjórna um 8% samkvæmt launatöflu B2 með gildistíma til 31. mars 2025.

Pann 1. apríl 2025 hækka laun vegna skólastjórna um 3,5 % samkvæmt launatöflu B3 með gildistíma til 31. mars 2026.

Pann 1. apríl 2026 hækka laun vegna skólastjórna um 3,5 % samkvæmt launatöflu B4 með gildistíma til 31. mars 2027.

Pann 1. apríl 2027 hækka laun vegna skólastjórna um 3,5 % samkvæmt launatöflu B5 með gildistíma til 31. mars 2028.

Með framangreindum launatöflum telst kjarajöfnun tryggð á samningstíma milli FT og FÍH.

Launatöflur A-1 til A-5 og B-1 til B-5 í kjarasamningi aðila eru birtar undir 5. lið fundargerðar.

3. Annaruppbætur á samningstíma

Annaruppbætur á samningstímanum verða sem hér segir:

Annaruppbót 1. júní 2025	kr. 107.750 -
Annaruppbót 1. desember 2026	kr. 107.750 -
Annaruppbót 1. júní 2025	kr. 111.530 -
Annaruppbót 1. desember 2026	kr. 111.530 -
Annaruppbót 1. júní 2025	kr. 115.430
Annaruppbót 1. desember 2026	kr. 115.450

4. Launatöflur FÍH og SNS

Eftirfarandi launatöflur gilda frá og með 1. febrúar 2025 og til og með 31. mars 2028.

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA		
Tónlistarskólakennarar		
LAUNATAFLA: A - 1		
Gildir frá 1. júní 2024 til 31. janúar 2025		
Starfsheiti	Launaflokkur	Laun
	101	457.858
	102	462.156
	103	466.514
	104	470.936
	105	475.425
	106	479.986
	107	484.611
	108	489.305
	109	494.068
	110	498.910
	111	503.817
	112	508.799
	113	513.859
	114	518.991
Tónlistarskólakennari I	115	524.202
	116	529.492
	117	534.859
	118	540.307
	119	545.842
	120	551.453
Tónlistarskólakennari II	121	557.152
	122	562.936
	123	568.806
	124	574.761
	125	580.809
	126	586.949
Tónlistarskólakennari III	127	593.179
	128	599.507
	129	605.925
	130	612.434
	131	619.052
	132	625.793
	133	632.872
	134	640.061
	135	647.356
	136	654.760
	137	662.278
	138	669.910
	139	677.649
	140	685.513
	141	693.489
	142	701.585
	143	709.803
	144	718.143
	145	726.251
	146	734.840
	147	743.070
	148	751.914
	149	760.265
	150	769.369
	151	777.854
	152	787.227
	153	795.834
	154	804.442
	155	814.216
	156	822.963
	157	831.744
	158	841.522
	159 7	851.415

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA		
Tónlistarskólakennarar		
LAUNATAFLA: A - 2		
Gildir frá 1. febrúar 2025 til 31. mars 2025		
Starfsheiti	Launaflokkur	Laun
	101	494.487
	102	499.128
	103	503.835
	104	508.611
	105	513.459
	106	518.385
	107	523.380
	108	528.449
	109	533.593
	110	538.823
	111	544.122
	112	549.503
	113	554.968
	114	560.510
Tónlistarskólakennari I	115	566.138
	116	571.851
	117	577.648
	118	583.532
	119	589.509
	120	595.569
Tónlistarskólakennari II	121	601.724
	122	607.971
	123	614.310
	124	620.742
	125	627.274
	126	633.905
Tónlistarskólakennari III	127	640.633
	128	647.468
	129	654.399
	130	661.429
	131	668.576
	132	675.856
	133	683.502
	134	691.266
	135	699.144
	136	707.141
	137	715.260
	138	723.503
	139	731.861
	140	740.354
	141	748.968
	142	757.712
	143	766.587
	144	775.594
	145	784.351
	146	793.627
	147	802.516
	148	812.067
	149	821.086
	150	830.919
	151	840.082
	152	850.205
	153	859.501
	154	868.797
	155	879.353
	156	888.800
	157	898.284
	158	908.844
	159 8	919.528

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA		
Tónlistarskólakennarar		
LAUNATAFLA: A - 3		
Gildir frá 1. apríl 2025 til 31. mars 2026		
Starfsheiti	Launaflokkur	Laun
	101	518.237
	102	522.878
	103	527.585
	104	532.361
	105	537.209
	106	542.135
	107	547.130
	108	552.199
	109	557.343
	110	562.573
	111	567.872
	112	573.253
	113	578.718
	114	584.260
Tónlistarskólakennari I	115	589.888
	116	595.601
	117	601.398
	118	607.282
	119	613.259
	120	619.319
Tónlistarskólakennari II	121	625.474
	122	631.721
	123	638.060
	124	644.492
	125	651.024
	126	657.655
Tónlistarskólakennari III	127	664.383
	128	671.218
	129	678.149
	130	685.179
	131	692.326
	132	699.606
	133	707.425
	134	715.460
	135	723.614
	136	731.891
	137	740.294
	138	748.826
	139	757.476
	140	766.266
	141	775.182
	142	784.232
	143	793.418
	144	802.740
	145	811.803
	146	821.404
	147	830.604
	148	840.489
	149	849.824
	150	860.001
	151	869.485
	152	879.962
	153	889.584
	154	899.205
	155	910.130
	156	919.908
	157	929.724
	158	940.654
	159 9	951.711

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA		
Tónlistarskólakennarar		
LAUNATAFLA: A - 4		
Gildir frá 1. apríl 2026 til 31. mars 2027		
Starfsheiti	Launaflokkur	Laun
	101	541.987
	102	546.628
	103	551.335
	104	556.111
	105	560.959
	106	565.885
	107	570.880
	108	575.949
	109	581.093
	110	586.323
	111	591.622
	112	597.003
	113	602.468
	114	608.010
Tónlistarskólakennari I	115	613.638
	116	619.351
	117	625.148
	118	631.032
	119	637.009
	120	643.069
Tónlistarskólakennari II	121	649.224
	122	655.471
	123	661.810
	124	668.242
	125	674.774
	126	681.405
Tónlistarskólakennari III	127	688.133
	128	694.968
	129	701.899
	130	709.160
	131	716.557
	132	724.092
	133	732.185
	134	740.501
	135	748.940
	136	757.507
	137	766.204
	138	775.035
	139	783.988
	140	793.085
	141	802.313
	142	811.680
	143	821.188
	144	830.836
	145	840.216
	146	850.153
	147	859.675
	148	869.906
	149	879.568
	150	890.101
	151	899.917
	152	910.761
	153	920.719
	154	930.677
	155	941.985
	156	952.105
	157	962.264
	158	973.577
	159 10	985.021

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA		
Tónlistarskólakennarar		
LAUNATAFLA: A - 5		
Gildir frá 1. apríl 2027 til 31. mars 2028		
Starfsheiti	Launaflokkur	Laun
	101	565.737
	102	570.378
	103	575.085
	104	579.861
	105	584.709
	106	589.635
	107	594.630
	108	599.699
	109	604.843
	110	610.073
	111	615.372
	112	620.753
	113	626.218
	114	631.760
Tónlistarskólakennari I	115	637.388
	116	643.101
	117	648.898
	118	654.782
	119	660.759
	120	666.819
Tónlistarskólakennari II	121	672.974
	122	679.221
	123	685.560
	124	691.992
	125	698.524
	126	705.254
Tónlistarskólakennari III	127	712.218
	128	719.292
	129	726.465
	130	733.981
	131	741.636
	132	749.435
	133	757.811
	134	766.419
	135	775.153
	136	784.020
	137	793.021
	138	802.161
	139	811.428
	140	820.843
	141	830.394
	142	840.089
	143	849.930
	144	859.915
	145	869.624
	146	879.908
	147	889.764
	148	900.353
	149	910.353
	150	921.255
	151	931.414
	152	942.638
	153	952.944
	154	963.251
	155	974.954
	156	985.429
	157	995.943
	158	1.007.652
	159 11	1.019.497

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA		
Skólastjórnendur		
LAUNATAFLA: B - 1		
Gildir frá 1. júní 2024 til 31. janúar 2025		
Stig skólastjóra	Launaflokkur	Krónur
0	410	661.601
24	411	676.812
40	412	692.483
60	413	708.624
80	414	725.248
100	415	742.373
125	416	760.009
150	417	778.173
175	418	796.886
200	419	816.157
225	420	836.007
250	421	856.454
300	422	877.515
350	423	899.204
400	424	921.547
500	425	944.559
600	426	968.263
700	427	992.673
850	428	1.017.819
1000	429	1.043.722
1150	430	1.070.399
	431	1.096.564
	432	1.123.487
	433	1.151.191
	434	1.179.692
	435	1.209.018
	436	1.239.192
	437	1.270.135
	438	1.301.850
	439	1.334.357

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMAÑA		
Skólastjórnendur		
LAUNATAFLA: B - 2		
Gildir frá 1. febrúar 2025 til 31. mars 2025		
Stig skólastjóra	Launaflokkur	Krónur
0	410	714.529
24	411	730.957
40	412	747.882
60	413	765.314
80	414	783.268
100	415	801.763
125	416	820.810
150	417	840.427
175	418	860.637
200	419	881.450
225	420	902.888
250	421	924.970
300	422	947.716
350	423	971.140
400	424	995.271
500	425	1.020.124
600	426	1.045.724
700	427	1.072.087
850	428	1.099.245
1000	429	1.127.220
1150	430	1.156.031
	431	1.184.289
	432	1.213.366
	433	1.243.286
	434	1.274.067
	435	1.305.739
	436	1.338.327
	437	1.371.746
	438	1.405.998
	439	1.441.106

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA		
Skólastjórnendur		
LAUNATAFLA: B - 3		
Gildir frá 1. apríl 2025 til 31. mars 2026		
Stig skólastjóra	Launaflokkur	Krónur
0	410	739.538
24	411	756.540
40	412	774.058
60	413	792.100
80	414	810.682
100	415	829.825
125	416	849.538
150	417	869.842
175	418	890.759
200	419	912.301
225	420	934.489
250	421	957.344
300	422	980.886
350	423	1.005.130
400	424	1.030.105
500	425	1.055.828
600	426	1.082.324
700	427	1.109.610
850	428	1.137.719
1000	429	1.166.673
1150	430	1.196.492
	431	1.225.739
	432	1.255.834
	433	1.286.801
	434	1.318.659
	435	1.351.440
	436	1.385.168
	437	1.419.757
	438	1.455.208
	439	1.491.545

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA		
Skólastjórnendur		
LAUNATAFLA: B - 4		
Gildir frá 1. apríl 2026 til 31. mars 2027		
Stig skólastjóra	Launaflokkur	Krónur
0	410	765.422
24	411	783.019
40	412	801.150
60	413	819.824
80	414	839.056
100	415	858.869
125	416	879.272
150	417	900.286
175	418	921.936
200	419	944.232
225	420	967.196
250	421	990.851
300	422	1.015.217
350	423	1.040.310
400	424	1.066.159
500	425	1.092.782
600	426	1.120.205
700	427	1.148.446
850	428	1.177.539
1000	429	1.207.507
1150	430	1.238.369
	431	1.268.640
	432	1.299.788
	433	1.331.839
	434	1.364.812
	435	1.398.740
	436	1.433.649
	437	1.469.448
	438	1.506.140
	439	1.543.749

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMAÑA		
Skólastjórnendur		
LAUNATAFLA: B - 5		
Gildir frá 1. apríl 2027 til 31. mars 2028		
Stig skólastjóra	Launaflokkur	Krónur
0	410	792.212
24	411	810.425
40	412	829.190
60	413	848.518
80	414	868.423
100	415	888.929
125	416	910.047
150	417	931.796
175	418	954.204
200	419	977.280
225	420	1.001.048
250	421	1.025.531
300	422	1.050.750
350	423	1.076.721
400	424	1.103.475
500	425	1.131.029
600	426	1.159.412
700	427	1.188.642
850	428	1.218.753
1000	429	1.249.770
1150	430	1.281.712
	431	1.313.042
	432	1.345.281
	433	1.378.453
	434	1.412.580
	435	1.447.696
	436	1.483.827
	437	1.520.879
	438	1.558.855
	439	1.597.780

Fleira ekki gert og fundi slitið

IRÓ